

1977 skv. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 358 4. október 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

10. janúar 1977.

Nr. 13.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27.
desember 1973 með síðari breytingum.**

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 750.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 500.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 438 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

7. janúar 1977.

Nr. 14.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum
saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið
1. janúar til 30. júní 1977.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 30. júní 1977:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. I	kr.	350.00
Millifiskur nr. I	—	330.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	—	280.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	—	260.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.